

Efni. Verkefnið Karlar í skúrnum í samstarfi við Garðabæ, Hrafnistu Ísafold og Rauða krossinn í Hafnarfirði og Garðabæ.

Eins og flestir vita hefur rýmið þar sem bakarí var til húsa á Ísafold Strikinu 3 staðið autt í tölvuverðan tíma. Upp hefur komið sú hugmynd að nýta rýmið í samstarfi við Rauða krossinn í Hafnarfirði og Garðabæ fyrir verkefni sem heitir Karlar í skúrnum. Verkefnið er að ástralskri fyrirmynd en er rekið í nokkrum löndum auk Ástralíu, einnig er skúr rekin á Patreksfirði og í Hafnarfirði og hefur hann gegnið mjög vel og er vel sóttur m.a. af Garðbæingum.

Markmið verkefnisins er:

Að skapa aðstæður þar sem heilsa og vellíðan karla er í fyrirrúmi og þeir geta haldið sér við líkamlega, andlega og félagslega.
Að koma í veg fyrir félagslega einangrun og neikvæðar afleiðingar hennar, með því að skapa karlmönnum vettvang til að hittast á þeirra forsendum.
Að veita öruggt og vinalegt umhverfi þar sem karlmenn á öllum aldri geta unnið að sameiginlegum og/eða persónulegum verkefnum sem þeir ákveða sjálfir á sínum eigin hraða.
Að karlmenn skiptist á og miðli þekkingu og gefa til samfélagsins í leiðinni.
Að hver skúr verði sjálfbær.

Hugmyndafræði verkefnins:

Karlar í skúrum eru opið öllum karlmönnum eldri en 18 ára eða svo lengi sem húsnæði leyfir. Ekki má mismuna einstaklingum vegna þjóðerni, uppruna, trúarbrögðum, stétt eða stjórnmalaskoðun. Allt áfengi er bannað í skúrunum.

Hver skúr fyrir sig er sjálfstæð eining sem hefur sína eigin stjórn, sínar eigin reglur og sína eigin meðlimi.

Meðlimir í hverjum skúr fyrir sig gera það sem þeir hafa áhuga og vilja gera í sínum skúr. Það eru engar takmarkanir og valdið og ákvarðartakan er hjá körlunum.

Meðlimir borga mánaðarlegt gjald, hver skúr ákveður sína upphæð.

Húsnæði skiptir miklu máli en það skapar eignar- og ábyrðartilfinningu hjá körlunum. Ef þeir eru með sitt eigið húsnæði er líklegra að skúrin verði til í lengri tíma og verði sjálfbær.

Rannsóknir sýna að karlmönnum finnst best að tala saman þegar þeir eru að vinna með eitthvað í höndunum og þegar þeir standa saman öxl í öxl.

Karlar í skúrum er samfélagslegt verkefni sem er ekki rekið í gróðraskyni.

Karlar í skúrum er heilsueflandi verkefni.

Rauði krossinn í Hafnarfirði og Garðabæ er með umsjón yfir verkefninu og veitir skúrum ráðleggingar og aðhald. Einnig veitir Rauði krossinn ráðgjöf við fjáraflanir en þær verða alltaf að vera í samráði við Rauða krossinn.

Það er okkar hugmynd að Skúrin gæti nýst körlum í nágrenni Ísafoldar, körlum í dagdvölinni og körlum sem búa á Ísafold.

Ef Garðabær samþykkir verkefnið gætu fyrstu skrefin verið:

- Auglýsa verkefnið og finna áhugasama einstaklinga sem væru tilbúnir að leiða verkefnið í sínu samfélagi.
- Mynda stjórn yfir skúrnum.
- Rauði krossinn í Hafnarfirði og Garðabæ útvegar skúrnum nauðsynleg gögn og aðhald til þess að hjálpa henni að láta skúrin verða að veruleika.
- Enginn beinn kostnaður er við verkefnið.

Fyrir hönd Hrafnistu Ísafold

Hrönn Ljótisdóttir
Forstöðumaður
hronn@hrafnista.is
sími 6649550